

Útreikningar á úthlutun þingsæta samkvæmt úrslitum kosninga til Alþingis 25. apríl 2009

Útreikningar sem sýna úthlutun þingsæta í samræmi við úrslit alþingiskosninga 25. apríl 2009 samkvæmt ákvæðum XVI. kafla laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, með síðari breytingum. Tilvísanir í lagagreinar vísa til þessara laga.

Útreikningar eru byggðir á skýrslum yfirkjörstjórna en að teknu tilliti til samþykktar Alþingis á þingsetningarfundi sínum hinn 15. maí 2007 á **þremur** ágreingsseðlum sem yfirkjörstjórnir viðkomandi kjördæma höfðu talið **ógilda** en Alþingi að tillögu kjörbréfanefndar dæmt gilda. Við þetta bættust við atkvæði sem hér segir:

- 1) Eitt atkvæði úrskurðað greitt lista Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Suðurkjördæmi.
- 2) Tvö atkvæði úrskurðuð greidd lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavíkurborg kjördæmi suður.

Gert 3. maí 2009 og endurgert 18. maí vegna ágreiningseðlanna. Leiðrétt 8. janúar 2010 þar sem láðst hafði að fækka ógildum atkvæðum að sama skapi á 3. bls. Þorkell Helgason.